

## Fjórði fundur Umhverfisnefndar 2015-16 haldinn 17. feb 2016 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Tómas Hrafn, Kristján Pétur, Anton Karl, Kristófer Gunnar og Marcel Wojciech. Fulltrúar starfsfólks: Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri, Jóhannes Elmar Lange starfsmaður og verkefnisstjóri. Fulltrúi foreldra: forfallaðist.



Guðrún setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Guðrún byrjaði á að rifja upp fundarreglur og voru fundargestir með reglurnar á hreinu, en þær eru; að hlusta, að rétta upp hönd ef maður vill tala, einn talar í einu, sitja kyrr og vera kurteis.

Að þessu loknu bað Guðrún Jóa um að fara yfir fundargerð síðasta fundar. Þar kom fram að við förum yfir það hvort við hefðum náð að gera það sem ákveðið hafði verið fyrir þann fund og rifjuðum við upp ferðina þar sem við förum að skoða Kirkjugólfið, Hildishaug og hvað við sáum á leiðinni. Við skoðuðum einnig myndir úr ferðinni og þá rifjaðist upp fyrir Kristófer að hann hefði skýrt fjallið (ruðningshólinn) sem við sáum á leiðinni „Nómalúp“ og í kjölfarið sagði hann okkur frá því að alvöru fjallið hans væri „Bakkafjall“ því það væri fjallið sem væri heima hjá honum.

Þá kom fram í fundargerðinni að Guðrún hafði talað um „dag leikskólans“ og hvort við ættum ekki að hafa sýningu í tilefni af honum eins og alltaf. Fundargestir jánkðu því og þá fór fram kosning um það hvar ætti að halda sýninguna. Tveir kostir komu til greina. Annarsvegar Skaftárskáli og hinsvegar bókasafnið. Kusu fundarmenn um þessa tvo kosti og hlaut bókasafnið 100% atkvæða. Þá var ákveðið að sýningin ætti að tengjast átthögunum og [Heilsuleiksskólinn Kæríber](#)

Þjóðsögum um t.d. álfa og tröll. Þá var sem sagt ákveðið að fyrir næsta fund ætti að halda sýningu á bókasafninu með átthagapemanu. Þar með var yfirferð síðasta fundar lokið.

Þá var komið að því að fara yfir markmiðið og spurði Jói hvort við hefðum náð að gera það sem ákveðið hafði verið fyrir þennan fjórða fund umhverfisnefndar. Allir jánkudu því og við rifjuðum upp hvað við höfðum búið til. Við bjuggum til risatröll sem við skýrðum Riddi „, því það er næstum því eins og riddari en tröll getur ekki alveg verið riddari“ tilkynnti Tómas Hrafn. Við bjuggum líka til minni tröll og svo sögðum við sögur af tröllum og álfum og við bjuggum líka til risamynd af fjöllum, á og tröllahelli og bjuggum til tröllkarl og tröllkerlingu sem voru að búa til mat. Við héldum sýningu á bókasafninu og buðum foreldrum okkar og mörgum öðrum.



Frá undirbúningi sýningar sem haldin var á bókasafninu og svo nokkur verkanna. Efst til vinstri er landslagið og umhverfi trölla og álfa. Tröllahópur hér beint fyrir ofan. Riddi tröll hér til vinstri að bjóða gesti velkomna. Fvrið neðan eru krakkarnir að vinna verkin.



Við vorum öll hæstánægð með að markmið okkar hafði tekist og þá var komið að því að ákveða hvað gera ætti fyrir næsta umhverfisfund sem yrði þá fimmti fundur umhverfisnefndar. Tómas byrjaði á því að leggja til að við fengjum okkur nýjan grænfána þar sem hinn væri orðinn svo rifinn. Guðrún benti honum á að það væri eitt af markmiðum okkar en fyrst þyrftum við að ná öðrum markmiðum, og þess vegna værum við t.d. með fundina. Jói rifjaði upp þegar við fórum upp í fjallið og sáum styttuna af „nunnunum“ tveim með stóra steininn á höfðinu á bakaleiðinni og við hefðum þá ákveðið að læra betur um styttuna. Lagði hann því til að við myndum skoða hana betur og kannski læra líka um Skaftá, hvar hún byrjar (upptök hennar) og hvert hún rennur, af hverju það koma stundum Skaftárhlaup og fleira. Það var samþykkt einróma. Kristófer fór þá að tala um fuglana sem voru út í garði og Tómas sagði að þeir væru rosalega svangir því það væri alltaf svo kalt. Jói spurði þá hvort við gætum kannski líka haft það sem markmið fyrir næsta fund, að útbúa mat fyrir fuglana og gefa þeim. Það var samþykkt einróma.

Þar með var það ákveðið að markmið fyrir næsta fund væri að læra meira um styttuna og hvað hún heitir. Kynnast Skaftá og gefa fuglunum.

Guðrún þakkaði fyrir fundinn og sleit honum.



Fundargerð. J.E.J.

